

Borgaraleg öryggisgæsla

Fundur Varðbergs 4.maí 2017

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra



Breytt landslag

- Öryggishugtakið.
- Nýjar ógnir vegna hryðjuverka, alþjóðlegrar skipulagðrar glæpastarfsemi, mansals, farsóttu , eyðileggingar á grunninnviðum samfélaga.
- Skylda stjórnvalda að tryggja öryggi borgaranna án þess að skerða mannréttindi og grundvallarfrelsi í lýðræðissamfélagi. Nýjar kröfur.
- Öryggis- og varnarmál ekki síður innanríkismál en utanríkismál.



Til upprifjunar

Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland – samþykkt 13. apríl 2016.

- **Leiðarljós:** lýðræði, virðing fyrir réttarríkinu, alþjóðalögum, mannúð, vernd mannréttinda, jafnrétti, sjálfbær þróun, afvopnun, friðsamleg lausn deilumála, Ísland herlaust.
- **Áherslur:** borgaralegar forsendur Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi, tryggja varnarmannvirki í landinu, búnað, getu og sérfræðipekkingu til að mæta áskorunum, stefna almanna- og öryggismálaráði, aukið netöryggi með uppbyggingu á eigin getu og samstarfi, taka mið af hryðjuverkaógn, skipulagðri glæpastarfsemi og ógnum við fjármála- og efnahagsöryggi.

Þjóðaröryggisráð – samþykkt 20. september 2016, l. 98/2016.

Almannavarna- og öryggismálaráð – skv. l. 82/2008



Samspil tveggja stefna

- Almanna- og öryggismálastefna 2015-2017
 - Samhæft viðbragðskerfi
 - Vernd mikilvægra samfélagslegra innviða
 - Löggæsla
 - Öryggismál
 - 42 aðgerðir samþykktar
- Þjóðaröryggisstefna frá 2016



Frá sjónarhóli dómsmálaráðherra

Landamæri

- Schengen
- Ferðamenn
- Hælisleitendur
- Hryðjuverkaógn

Landhelgisgæslan

- Ferðamenn

Lögregla

- Ferðamenn
- Hælisleitendur
- Íslendingar
- Netglæpir



Landamæravarsla

- Ísland með sérstöðu
- Ríkar skyldur til að tryggja lögmæta umferð
 - Greining á farþegum öflugasta tækið
 - Skil flugfélaga á farþegaupplýsingum
- Farþegalistagreiningarkerfi
 - Samstarf lögreglu og tollayfirvalda
 - PNR-kerfi greinir ferðaupplýsingar, nöfn, heimilisföng, símanúmer, kaup á farseðlum og greiðsluleið
 - Noregur óskað eftir samstarfi við Ísland



Landamæravarsla

- Rannsóknarteymi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Styrkja tengsl lögreglu í Leifsstöð við önnur lögreglulið
- Samvinna Íslands og Evrópu
 - Europol, Evrópulögreglan
 - Frontex, Landamærastofnun Evrópu
- Óhefðbundnir fólksflutningar yfir ytri landamæri Schengen-svæðis sérstök öryggisógn
- Refsivert að koma til landsins á fölsuðum skilríkjum eða án skilríkja
 - Hælisleitendur sæta annarri meðferð en aðrir sem hingað koma án skilríkja eða með fölsuð skilríki



Fordæmalaus fjölgun hælisleitenda

- Áhlaup á Ísland síðustu mánuði 2016.
- Fjöldi hælisumsókna þrefaldaðist milli ára. 1.132 umsóknir bárust árið 2016 í samanburði við 354 árið 2015.
- Flestir hælisleitendur frá Albaníu og Makedóníu.
- Álag á öryggisgæslu.
- Viðbrögð – málsmeðferðartími, leyfi / brottvísun.



Áhættumat

- Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur unnið tvær skýrslur í ár um ástandið í kjölfar fjölgunar hælisleitenda
 - Mat ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum - ógnarmat
 - Landamæravarsla – áhættumat
- Álag á landamærum helst í hendur við stefnu stjórnvalda
- Íslendingar standa frammi fyrir sterku samspili ytri þrýstings og aðdráttarafls
- Milligöngumenn og misneyting



Ógnarmat

- Hryðjuverkaógnin önnur á Íslandi en á Norðurlöndunum
 - Heimasnúnir vígamenn ekki til staðar
 - Samsetning hælisleitenda önnur
 - Ekki myndast hópar/samfélög sem aðhyllast herskáan íslamisma eða aðra öfgahyggju
- Einstaklingar með tengsl við hryðjuverkasamtök
- „Gegnumstreymislandið“ Ísland



Viðbrögð

- Fjölgun í sérdeildum á sviði öryggismála
- Fjárveiting til vopna og búnaðarkaupa sérsveitar
- Farþegalistagreining
- Heimildir lögreglu á sviði hryðjuverkavarna
- Alþjóðasamvinna
- Aukið vægi móttökumiðstöðva fyrir hælisleitendur
- Löggæsluáætlun



Stóra samhengið

Fjármálaáætlun 2018-22

Stjórnarráðið

34 málefnasvið

Heildargjöld allra málefnasviða
4.311 ma.kr.

Fjármálaáætlun 2018-22

Dómsmálaráðuneytið

3 málefnasvið

1. Dómstólar
2. Almanna- og réttaröryggi
3. Réttindi einstaklinga

Heildargjöld þeirra
221 ma.kr. – 7,6%



Fjármál

- Fjárveitingar til lögreglu hafa aukist undanfarin ár.
- Fjárveitingar til LHG hafa aukist (þyrlur).
- Kostnaður vegna hælisleitenda.

→ Fjármálaáætlun 2018-2022








Lögregla og landhelgisgæsla

- Kaup á 3 nýjum þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna um 14 ma.kr.
- Fjárveiting til löggæslu hefur aukist um 34% frá fjárlögum 2014 til 2017.

Fjárheimildir til lögregluembættanna

(verðlag feb 2017)




| | | | |
|--|--------|--------|--------|
|  Ríkislögreglustjóri og lögregluskólinn | 2.442 | 2.540 | 3.054 |
|  Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 3.968 | 4.435 | 4.890 |
|  Lögregluembætti utan höfuðborgarsvæðisins | 4.010 | 4.867 | 5.931 |
|  Samtals fjárheimildir | 10.420 | 11.842 | 13.875 |



Fjárveiting á svið almanna- og réttaröryggis

1. Löggæsla
2. Landhelgi
3. Ákærvald og réttarvarsla
4. Réttaraðstoð og bætur
5. Fullnustumál

Almanna- og réttaröryggi
Fjárveiting 2016 og 17 og áætlun um fjárveitnigu 2018-22



Fjöldi hælisúmsókna 2014-2017

Fjöldi umsókna um vernd eftir ársfjórðungum

